

**11.** fundur skólanefndar kjörtímabilið 2018-2022 v/grunnskóla haldinn

14. maí 2020 kl. 13.00

MÆTT: Elsa Ingjaldsdóttir (H), formaður, Jón Bjarnason (D og óháðir) og Unnsteinn Eggertsson (H) sem ritaði fundargerð. Einnig sátu fundinn Jóhanna Lilja Arnardóttir, skólastjóri, Steinunn Margrét Larsen, aðstoðarskólastjóri, Margrét Guðmundsdóttir, fulltrúi starfsfólks, Einar Bjarnason og Sigurður Unnar Sigurðsson fulltrúar Skeiða- og Gnúpverjahrepps og Freyja Þorkelsdóttir, fulltrúi foreldraráðs.

FUNDARSTADUR: FÉLAGSHEIMILI HRUNAMANNA

Dagsskrá:

1. Covid-19 – aðgerðir, staða og áhrif
2. Skóladagatal
3. Til upplýsinga
  - a) Úthlutun úr endurmenntunarsjóði grunnskóla.
4. Ný mál tekin fyrir á næsta fundi
  - a) Gátlisti, spurningar 14-18

Formaður setti fund, bauð fundarfólk velkomið og óskaði eftir athugasemdum við útsent fundarboð og dagskrá. Engar athugasemdir voru gerðar og gengið var til dagskrár.

**1. Covid-19 – aðgerðir, staða og áhrif**

Rætt var um starfið í skólanum vegna faraldursins og hvernig skipulagi var háttað.

Starfið var mjög erfitt og krefjandi vegna þessa fordæmalaus ástands. Allir stóðu sig mjög vel, nemendur, starfsfólk og aðrir. Útskriftarnemendur fengu daglega kennslu og skipulagið var unnið viku til viku.

Skólaslit í 1. – 9. bekk verður um morguninn, án foreldra og annarra aðstandenda. 10. bekkur útskrifast í félagsheimilinu þar sem foreldrar verða viðstaddir.

Skólanefnd lýsir yfir mikilli ánægju með hvernig starfsfólki og öðrum tókst að halda starfsemi skólans gangandi eins og mögulegt var við mjög erfiðar aðstæður.

**2. Skóladagatal**

Skólastjóri lagði fram dagatal fyrir Flúðaskóla fyrir 2020 – 2021. Málið rætt. Skólanefnd samþykkir skóladagatal fyrir Flúðaskóla fyrir 2020-2021.

Hrunamannahreppur

FP JIA UE  
B MG  
SUS MML

**3. Til upplýsinga**


**a) Úthlutun úr endurmenntunarsjóði grunnskóla.**

Skólastjórendur upplýstu að Flúðaskóli hefur fengið styrkloforð að upphæð 340.000 úr sjóðnum.

**4. Ný mál tekin fyrir á næsta fundi**

**a) Gátlisti, spurningar 14-18. Samþykkt.**

Næsti fundur ákveðinn í lok ágúst. Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 13.40.

  
Margrét Lassen  
Jónanna Elfa Arnardóttir  
Margrít Guðmundsdóttir  
Frýja Þorhildisdóttir  
Sigríður M. Sigríðsdóttir  
Björn Björnsson  
